



# Skilmálar námureikningslána

Landsbankinn hf. | Nr. 1519-02 | Janúar 2012

## Skilyrði

- Námureikningslán er eingöngu fyrir félagi í Námunni, námsmannþjónustu Landsbankans.
- Umsókn um námureikningslán er metin samkvæmt útlánareglum bankans.
- Námureikningslán er lánað í samræmi við lánsáætlun frá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) í íslenskum krónum eða í þeirri mynt sem áætlunin er gefin upp í.
- Starfsfólki Landsbankans er heimilt að synja umsókn um námureikningslán

## Námureikningslán

- Námureikningslán er í formi yfirdráttar, án lántöku- og stimpilgjalds.
- Hámarksfjárhæð námureikningsláns nemur allt að 100% af áætluðu framfærsluláni, miðað við útreikninga LÍN, að frádregnum áætluðum vöxtum.
- Dagvextir, samkvæmt vaxtaákvörðun Landsbankans hverju sinni, reiknast eingöngu af nýttum yfirdrætti.

## Endurgreiðsla

- Framfærsluláni frá LÍN skal ráðstafað til greiðslu á námureikningsláni umsækjanda.
- Standist námsmaður ekki prófkröfur, hætti í námi eða fái ekki fullt lán frá LÍN af öðrum sökum, gjaldfellur námureikningslánið. Lántaki skuldbindur sig þá til að hafa samband við Landsbankann og semja um endurgreiðslu lánsins.

## Aðrir skilmálar

- Um yfirdráttarlán gilda [Almennir skilmálar veltureikninga](#).
- Að öðru leyti en að ofan greinir gilda [Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans](#).